



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 7

Febrúar 1985

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn að
Hótel Hofi, Rauðarárstíg, þriðjudaginn
26. febrúar 1985, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál
3. Kaffidrykkja
4. Svipmyndir frá Jökla- og vetrarferðum
á jeppum. Hjalti Magnússon og Snorri
Ingimarsson segja frá.

FRÁ RITSTJÓRN JÖKULS

Ritstjórn Jökuls hefur ákveðið, að 36. árgangur ritsins verði tileinkaður minningu dr. Trausta Einarsonar, prófessors, sem lést hinn 26. júlí 1984.

Trausti var mikill brautryðjandi meðal íslenskra vísindamanna, jafnt í rannsóknum, kennslu og félagsmálum. Hann var í fyrstu stjórn Jökklarannsóknafélagsins, formaður þess um eins árs skeið og annar formaður Jarðfræðafélags Íslands.

Eins og sjá má af ritskrá dr. Trausta, sem birtast mun í Jökli 1985, voru rannsóknaverkefni hans á mjög fjölbreytilegum sviðum. Má þar nefna uppruna jarðhitans, mótun landslags á Íslandi, bergsegulmælingar, þyngdarmælingar, sjávarstöðubreytingar og orsakir þeirra, gos undir jökli, jarðsögu kvarterasvæða á Norðurlandi, eiginleika bergkviku, sprengigosa og hraunstrauma, jarðfræði landgrunnsins, tektonik í gosbeltinu, og veðurfar á sögulegum tíma.

Ýmsum þessara rannsóknasviða hafa aðrir íslenskir jarðvísindamenn ekki gefið nægan gaum, eða hafa ekki unnið endanlega úr gögnum sínum um þau til birtingar. Ritstjórnin óskar því hér með eftir vönduðum greinum um jarðfræði Íslands og umhverfi þess, svo og um jökla- og loftslagsfræði, sem tengjast þeim sviðum rannsókna er dr. Trausti Einarsson starfæði að. Skilátími handrita er til 1. nóv. 1985.

SVIPMYNDIR FRÁ JÖKLA- OG VETRARFERÐUM Á JEPPUM.

Í nokkur ár hafa jökla- og vetrarferðir um hálendið á jeppum farið í vöxt. Á aðalfundi JÖRFI munu tveir farsælir jeppamenn segja frá reynslu sinni af þessum ferðamáta, helstu möguleikum og erfiðleikum. Sagt verður frá tveimur Grímsvatnaferðum. Hin fyrri var í samfloti við vorleiðangur JÖRFI 1984, en hin síðari í skammdeginu í janúar 1985. Einnig segja þeir félagar frá þremur páskaferðum. Árið 1982 fóru þeir um Hveravelli og Kerlingafjöll, suður fyrir Hofsjökul, yfir Þjórsárver og Nýjadal, en heim um Sigöldu. Ári síðar, 1983 óku þeir norður Kjöl. Í fyrravor fóru þeir enn í Nýjadal, en nú norðan við Hofsjökul um Laugafell.

101

GJÖRFI

Næstu göngudagar eru 2/3, 16/3, 30/3, 13/4, 27/4. Mæting við Nesti Artúnshöfða kl. 13.

FÉLAGATAL

Alltaf er eitthvað um endursendingar á fréttabréfum. Nauðsynlegt er að hafa félagaskrá rétta. Munið að tilkynna aðseturskipti.

TILKYNNING UM ÞÁTTTÖKU Í RÁÐSTEFNU UM KORTAGERÐ
OG JÖKLAMÆLINGAR, 26. - 29. ÁGÚST 1985.

Ráðstefnugjald (fyrir starfsmenn stofnana) er
4000 kr. og greiðist fyrir 1. maí með
giroseðli inn á ávísanareikning 1784 í
Vesturbæjarútibúi Landsbankans, Háskólabíói,
107 Reykjavík. Þátttökutilkynning sendist
fyrir 1. maí til Helga Björnssonar,
Raunvísindastofnun, Dunhaga 3, 107 Reykjavík.

ÞÁTTTÖKUTILKYNNING

Ráðstefna um kortagerð og jöklamælingar
26. - 29. ágúst 1985

Nafn:

Stofnun/Heimilisfang:
